



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3118  
komudagur 14.9.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Málsnr: 201009-0088  
Dags: 10. september 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjuskatt (kyrrsetning eigna), 693. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.**

Tollstjóri hefur mótttekið erindi efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 8. september 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Tollstjóri telur æskilegt að setja heimild í ofangreind lög til kyrrsetningar eigna í ljósi dóms Hæstaréttar nr. 372/2010 þar sem ekki var fallist á að heimild tekjuskattslaga til kyrrsetningar eigna næði yfir ætluð brot gegn virðisaukaskattslögum.

Verði frumvarpið að lögum verður að telja að heimildin tryggi betur innheimtu opinberra gjalda.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen  
Tollstjóri